

Borgarráð

Tillaga að endurskoðun frumvarps að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun 2016-2020 með tilliti til breyttra forsendna um verðlag, laun og gengi í nýrri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands

Lagt er til að frumvarp að fjárhagsáætlun 2016 og fimm ára áætlun 2016-2020 A-hluta og samstæðu verði endurskoðað með tilliti til breyttra forsendna um verðlag, laun og gengi í nýrri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og þannig lagt fram fyrir fund borgarstjórnar hinn 1. desember nk. Fjármálaskrifstofu er falinn undirbúningur að þessari breytingu í samstarfi við fagsvið og skrifstofur í A-hluta og fyrirtæki í B-hluta samstæðu borgarinnar.

Jafnframt er lagt til að forsendum rammaúthlutunar verði breytt og miðað við að þjónustutekjur málaflokka hækki um 3,2% í stað 4,9% og fagsviðum og fagráðum falið að undirbúa endurskoðun á tillögum um gjaldskrár fyrir árið 2016 í samræmi við þetta. Miðað er við að endurskoðaðar tillögur um gjaldskrár komi til afgreiðslu borgarstjórnar 18. desember 2015.

Greinargerð

Fyrri tillagan byggir á mati fjármálaskrifstofu á mikilvægi þess að endurskoða forsendur fjárhags-áætlunar 2016 þar sem segir: „*Fjármálaskrifstofa hefur farið yfir nýja spá og metur frávikin það mikil að æskilegt sé að endurskoða forsendur fjárhagsáætlunar 2016 og fimm ára áætlunar til 2020 vegna verðlags, gengis og launa sem vega þungt í við mat á tekjum, útgjöldum og fjármagnskostnaði í A-hluta og nokkrum B-hluta fyrirtækjum.*“ Ljóst er að áhrifin af þessum breytingum vega einkum þungt í A-hluta, Félagsbústöðum og Orkuveitu Reykjavíkur en minna í öðrum fyrirtækjum.

Seinni tillagan er einnig með vísun í breytta þjóðhagsspá og felur í sér að fara í endurskoðun á tillögum um gjaldskrár. Ekki vinnst tími til að útfæra breytingartillögur á einstökum gjaldskrár fyrir fund borgarstjórnar 1. desember nk. og þess vegna gerð sú tillaga að endurskoðaðar gjaldskrár verði lagðar fyrir fram til afgreiðslu á fundi borgarstjórnar þann 18. desember. Áætluð áætluð áhrif af þessari breytingu nema um 55 mkr.

Með því að taka upp nýjustu grunnforsendur þjóðhagsspár Hagstofunnar um verðlag, laun og gengi er áætlað að það hafi eftirfarandi áhrif á A-hluta:

- Þjónustutekjur lækka um 55 mkr
- Útgjöld vegna vísitölubundinna samninga lækka um 135 mkr

- Útgjöld vegna verðbóta á framfærslustyrk lækka um u.þ.b. 55 mkr
- Fjármagnsliður lækkar um 620 mkr
- Gert er ráð fyrir að hækkun á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar nemi um 1.000 mkr;

Rekstrarniðurstaða A-hluta 2016 gæti þannig numið að öðru óbreyttu um 300 mkr í stað 567 mkr skv. frumvarpi að fjárhagsáætlun. Hjá aðalsjóði og eignasjóði yrðu áhrifin jafnframt þau að lægri verðbólga þýddi að fjárheimildir fagsviða vegna innri leigu myndu lækka um 264 mkr og tekjur eignasjóðs um sömu fjárhæð.

Dagur B. Eggertsson